

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 um breytingar á reglugerð (EB) nr. 717/2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og á tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007):
„eins og henni var breytt með:
– **32009 R 0544**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 (Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 12).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 1. mgr. 4. gr.:

„Nú háttar þannig til gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2009, sem hefur að geyma ákvæði um að fella reglugerð þessa inn í EES-samninginn, að Seðlabanka Evrópu birtir ekki opinbert gengi evru gagnvart íslenskri krónu og gildir þá opinbert gengi samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands sama dag.

Með tilliti til síðari lækkunar á þeim mörkum sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. skal viðmiðunargengið, sem er notað til að ákvarða hin nýju gildi, vera opinbert gengi samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands einum mánuði fyrir daginn sem nýju gildin eiga að öðlast gildi, að því er varðar íslenska krónu, enda sé ekki um hliðstæða skráningu að ræða hjá Seðlabanka Evrópu.““

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 12.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5cl (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB):

„– **32009 R 0544**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 (Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 544/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) **Stjórnskipuleg skilyrði** gefin til kynna.